

anna. Að svo vöxnu máli ber að synja um hinn umbeðna frest, vísa málinu frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 2.500,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Björgúlfur Pétursson, greiði stefnda, Guðjóni Styrkárssyni, 2.500,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. maí 1986.

Nr. 182/1983. **Sigurbjörn Pálsson**

(Svala Thorlacius hrl.)

gegn

**Erlingi Erni Péturssyni og
Sigrúnu Skúladóttur sjálfum
og vegna og ófjárráða sonar þeirra
Péturs Arnar Erlingssonar og**

(Gestur Jónsson hrl.)

**Gunnari Péturssyni og
Jónínu Jónsdóttur sjálfum
og vegna ófjárráða sonar þeirra
Gunnars Inga Gunnarssonar**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Skaðabætur utan samninga. Börn. Áfrýjun. Máli vísað að hluta frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. september 1983 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. greinar laga nr. 75/1973 þann 26. ágúst 1983. Hann krefst þess að stefndu verði dæmd til að greiða sér óskipt 83.429,00 krónur með 34% ársvöxtum frá 2. febrúar 1982 til stefnubirtingardags en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eins og málið væri ekki gjafsóknarmál fyrir Hæstarétti, en áfrýjandi fékk gjafsókn hér fyrir dómi með leyfi dómsmálaráðherra 22. júlí 1983.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þau að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar en málskostnaður látinn falla niður.

Samkvæmt áfrýjunarstefnu er Erlingi Erni Péturssyni og Sigrúnu Skúladóttur stefnt fyrir Hæstarétt vegna ófjárráða sonar síns Péturs Arnar Erlingssonar, en þeim er eigi stefnt sérstaklega vegna sjálfra sín. Á sama hátt er Gunnari Péturssyni og Jónínu Jónsdóttur stefnt fyrir Hæstarétt vegna sonar síns Gunnars Inga Gunnarssonar en ekki sjálfra sín vegna. Áritanir lögmanna þeirra á áfrýjunarstefnuna hinn 2. nóvember 1983 um að þeim hafi verið birt stefnan vegna allra hinna stefndu í héraði, svo og þingsókn þeirra fyrir Hæstarétti, hvort tveggja að liðnum áfrýjunarfesti samkvæmt 1. mgr. 20. greinar laga nr. 75/1973, svo og þeim 4 vikna fresti til að taka út áfrýjunarstefnu, sem settur var í áfrýjunarleyfinu samkvæmt 2. málsg. nefndrar greinar, breytir engu um að málinu er ekki réttlæga áfrýjað að því er tekur til þeirra Erlings Arnar Péturssonar, Sigrúnar Skúladóttur, Gunnars Péturssonar og Jónínu Jónsdóttur vegna þeirra sjálfra. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti að því er þau varðar, en rétt er að málskostnaður fyrir Hæstarétti í þeim þætti málsins falli niður.

Drengurinn Pétur Örn komst yfir eldspýtur þær sem notaðar voru til að tendra eld í nýbyggingunni. Á hinn bóginn verður ekki fullyrt hvort aðeins annar drengjanna, og þá hvor þeirra, eða þeir báðir báru eld að hinum eldfimu efnum sem þar voru geymd. Með þessari athugasemd, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta niðurstöðu hans um að ekki verði

lögð bótaábyrgð á drengina Pétur Örn og Gunnar Inga svo og um málskostnað að því er þá varðar.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 25.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti að því er varðar Erling Örn Pétursson, Sigrúnu Skúladóttir, Gunnar Pétursson og Jónínu Jónsdóttur vegna þeirra sjálfra.

Hinn áfrýjaði dómur á að öðru leyti að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Svölu Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur bæjarþings Sauðárkróks 13. apríl 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 13. apríl, var á bæjarþingi Sauðárkróks, sem haldið var í skrifstofu dómsins að Víðigrund 5 á Sauðárkróki, af Helga I. Jónssyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu nr. 20/1982: Sigurbjörn Pálsson gegn Erling Erni Péturssyni og Sigrúnu Skúladóttur báðum persónulega og f.h. ófjárráða sonar þeirra, Péturs Arnar Erlingssonar og gegn Gunnari Péturssyni og Jónínu Jónsdóttur báðum persónulega og f.h. ófjárráða sonar þeirra, Gunnars Inga Gunnarssonar.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. mars sl., hefur Sigurbjörn Pálsson, nafnr. 7807-2040, Nesi, Fljótum, Skagafjarðarsýslu, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 3. nóvember sl., á hendur Erling Erni Péturssyni, nafnr. 2206-7095 og Sigrúnu Skúladóttur, nafnr. 7730-2913, báðum til heimilis að Raftahlið 9, Sauðárkróki, báðum persónulega og fyrir hönd ófjárráða sonar þeirra, Péturs Arnar Erlingssonar, sama stað og gegn Gunnari Péturssyni, nafnr. 3380-6957 og Jónínu Jónsdóttur, nafnr. 5315-0098, báðum áður til heimilis að Raftahlið 13, Sauðárkróki en nú að Dalatúni 6, þar í bæ, báðum persónulega og fyrir hönd ófjárráða sonar þeirra, Gunnars Inga Gunnarssonar, sama stað, til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 83.429,00 með 34% ársvöxtum frá 13. maí 1981 til stefnubirtingardags en með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum (dómvöxtum skv. lögum nr. 56, 1979) frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ, þar með talinn matskostnaður.

Stefndu hafa aðallega krafist sýknu af kröfum stefnanda og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Til vara hafa stefndu krafist þess að stefnukröfurnar verði lækkaðar verulega og málskostnaður þá látinn niður falla.

Dómarinn leitaði sátta í málinu en án árangurs.

Málavextir eru þeir að hinn 13. maí 1981 kom upp eldur í húseign í smiðum að Drekahlíð 4 á Sauðárkróki, eign stefnda í máli þessu. Sveinbjörn Ólafur Ragnarsson, lögreglumaður, fór á vettvang greint sinn og segir m.a. svo í lögregluskýrslu hans um atburð þennan:

„Kl. 14:25 heyrðist í talstöð að verið var að ræsa út slökkvilið vegna elds í grunni að Drekahlí 4. Undirritaður fór á vettvang og kom að húsinu á sama tíma og slökkvilið. Vel gekk að slökkva eldinn en hann var aðallega í einangrunarplasti og timbri.

Húsið að Drekahlíð 4 er uppsteptur kjallari óeinangraður með steypa gólf- og loftplötu og þvervegg í miðju hússins er skiptir því í tvo helminga, norður- og suðurhelming.

Í suðurhelmingnum var geymt mikið af einangrunarplasti, sem brann allt, eitthvað af 6“ plaströrum og plastfittings, sem brann að mestu, mikið af mótaflekum er skemmdust mikið, allir gluggarnir í efri hæðina (12 stk.) sótugir og blautir, uppsláttur undir svölum og þrír ísteyptir gluggar á austurhlíð ónýtir, ásamt ýmsum hlutum og verkfærum til húsbygginga, einnig eitthvað af bílavarahlutum.

Auk þessa er brotið úr loftplötu svo sér í bera neðri járngrindina, einnig eru skellur í veggjum.

Raflögn í veggjum og loftplötu er trúlega ónýt, því sumstaðar eru bráðnaðar rafmagnsdósir.

Í norðurhlutanum er mikið af timbri sem sótugt er og sviðið eins og allt húsið er að meira og minna leyti.“

Lögreglumaðurinn hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína.

Skömmu eftir eldsvoðann hringdu til lögreglu annars vegar stefndi Gunnar Pétursson og hins vegar stefnda Sigrún Skúladóttir og tilkynntu að eldsupptök væru af völdum sona þeirra stefndu Gunnars Inga Gunnarssonar, sem fæddur er 8. september 1975, og Péturs Arnar Erlingssonar, sem fæddur er 21. júlí s.á.

Lögreglumaðurinn Guðmundur Óli Pálsson tók síðan næsta dag skýrslur af stefndu, Sigrúnu Skúladóttur, Gunnari Péturssyni og Jónínu Jónsdóttur svo og stefnanda, Sigurbirni Pálssyni. Eigi voru teknar skýrslur af stefndu, Péttri Erni eða Gunnari Inga.

Stefnda Sigrún Skúladóttir, móðir Péturs Arnar, skýrði svo frá að hún hefði farið deginum áður eftir hádegið að heiman frá sér og yfir í næsta hús. Hafi hún verið búin að dveljast þar dagóða stund er sonur hennar,

Pétur Örn, kom þangað og sagði að kviknað væri í og hafi Pétur Örn bent á hvar eldurinn var og sagt að slökkviliðið væri að koma en það hefði svo komið á vettvang stundu síðar. Kvað stefnda son sinn hafa viðurkennt fyrir henni að hann væri valdur að eldi þessum, ásamt vini sínum, Gunnari Inga. Hefði sonur hennar skýrt frá því að hann hefði tekið eldspýtustokk heima hjá sér en skilað honum aftur á sama stað. Hefði komið í ljós að eldspýtustokkurinn var blautur og það því stutt frásögn barnsins. Búið hafi verið að rífa úr gluggum hússins að Drekahlíð 4 og eldri krakkar reist planka upp í gluggann beggja vegna þannig að yngri krakkar jafnt sem hin eldri hafi átt þar greiðan aðgang. Hefði sonur hennar skýrt svo frá að þeir vinirnir hefðu fyrst kveikt í pappaspjaldi og hefði það verið orsök eldsins. Hefðu þeir reynt að ausa vatni á eldinn en fata sú sem var nærtækust hefði lekið og eldurinn magnast.

Stefnda, Jónína Jónsdóttir, móðir Gunnars Inga, skýrði svo frá að daginn áður, um kl. 14:20, hefði nefndur sonur hennar komið til hennar og sagt að kviknað væri í litlum kofa þar fyrir ofan. Er hún hafi farið að ræða við drenginn hefði hann sagt að hann hefði ekki kveikt í og ekki verið með eldspýturnar en félagi hans, Pétur Örn, hefði náð eldspýtum inni hjá sér í stofunni. Hefði Gunnar Ingi sagt henni að þeir Pétur Örn hefðu farið á planku inn um glugga á húsi því er eldurinn kviknaði í og kveikt þar í litlu bréfi. Hefðu þeir ekki getað slökkt eldinn aftur, plastið hefði klístrast og þeir orðið hræddir og forðað sér, út um gluggann. Taldi Jónína að eldri og yngri börn hefðu verið að leika sér við Drekahlíð 4 síðustu tvo daga þar á undan. Hefði planki sá er reistur var upp í gluggann verið reistur af eldri börnum en útilokað væri að drengirnir hefðu getað gert það.

Með Jónínu mætti til skýrslugerðar eiginmaður hennar og faðir Gunnars Inga, stefndi Gunnar Pétursson, en hann var við vinnu sína er umræddur atburður átti sér stað.

Sigurbjörn Pálsson, stefnandi í máli þessu, skýrði svo frá að hann hefði verið við vinnu sína að bænum Ytri-Brekkum í Blönduhlíð umræddan dag er hringt hefði verið til hans um eða laust eftir kl. 16:00 og honum tilkynnt að neðri hæð húss þess, er hann átti í smíðum að Drekahlíð 4 á Sauðárkróki, hefði brunnið að hluta til. Kvaðst stefnandi hafa komið að byggingunni um kl. 17:00 og hefði slökkvistarfi þá verið lokið en eyðileggingin blasað við honum. Kvaðst hann hafa sl. sumar steipt gólfplötu og vegg neðri hæðar hússins, ásamt plötunni milli hæða. Hefði hann þá um haustið neglt fyrir alla glugga og dyr og sett tvöfaldan plastdúk fyrir fjóra glugga en masonitplötur fyrir hina. Dyrinum hefði hann lokað með mótakrossviði að neðan en ofan til hefði verið masonit. Fyrir einar dyr hefði hann svo sett hurð er var á lömum og læst henni með hengilás. Kvaðst hann hafa tekið eftir því um vorið að búið hefði verið að rífa úr fjórum gluggum

bæði plastið og masonitplötturnar og að farið hefði verið þarna inn og hefði hann því lokað gluggunum aftur.

Stefnandi kvað hafa verið geymt þarna inni byggingarefni og fleira og verðmæti þess mikið. Mest hefði verið af einangrunarplasti, 465 m² af 3“, 50 x 100 sm að stærð, 157 m² af sökklaplasti, 1½“, 100 x 300 sm að stærð og 20 m² af 1“ þykku plasti, 50 x 100 sm að stærð, skólprör úr plasti, 75 m af 100 mm og 6 m af 150 mm og töluvert af alls konar greinum og tengingum við þau, alls yfir 60 stk, úlpa hans og vinnustakkur, 8 pakkar af saumi, 2½ - 3“ og 4“, startkaplar, 4 stk stroffureimar, 3 stk kaðalstroffur, hamar og sög, 50 m ½“ vatnsslanga, fúavarnarefni, kítisstúbur, hedd á Skodavél, ásamt ventlum og blöndungi og rafmagnslukt. Auk þessa hefðu verið þarna til geymslu flekamót í eigu Búnaðarfélags Akrahrepps.

Kvaðst stefnandi hafa síðast þar á undan vitjað um húseign sína, að Drekahlíð 4, laugardaginn 2. maí 1981 og hefði þá allt verið í stakasta lagi.

Stefnandi beiddist þess síðan að dómkvaddir yrðu matsmenn til að skoða og meta eftirfarandi:

— — —

Verður nú gerð grein fyrir framburði þeirra sem munnlegar skýrslur voru teknar af fyrir dómi.

Stefnandi Sigurbjörn Pálsson skýrði frá í meginatvikum á sama veg og fyrir lögreglu. Kvað hann ástæðuna fyrir því að hann hafði ekki bruna-tryggt húseign sína, er umræddur brunni átti sér stað, hafa verið þá að hann hefði staðið í þeirri trú að ekki væri unnt að brunatryggja hús fyrr en þau væru orðin foheld. Hefði hann alls ekki vitað að skylt væri að bruna-tryggja hús í smíðum. Stefnandi kannaðist ekki við að hafa skilið eftir eldfim efni að Drekahlíð 4 áður en bruninn átti sér stað og kvað þar aðeins hafa verið skilda eftir tóma brúsa af mótaolíu.

Stefnda Sigrún Skúladóttir skýrði frá mjög á sama veg og fyrir lögreglu. Kvaðst hún hafa umræddan dag, er hún fór eftir hádegði yfir í næsta hús, séð son sinn, Pétur Örn, vera að leika sér þar í götunni, ásamt fleiri börnum. Hefði hún talað aðeins við hann og sagt honum hvert hún væri að fara.

Stefndi Erling Örn skýrði svo frá að hann hefði verið heima hjá sér umræddan dag er sonur hans, Pétur Örn, hefði komið heim til sín og skýrt honum frá því að kviknað hefði í húsi þar skammt frá. Kvað hann eldspýtu-stökk þann, er Pétur Örn tók af heimili sínu, hafa verið á sófaborði í stofunni og hafi hann verið blautur á sama stað eftir að eldsvoðinn hafði orðið. Kvað stefndi son sin hafa farið út skömmu eftir hádegði og hefði hann sjálfur verið heima hjá sér að lesa í bók er sonur hans kom heim aftur. Hefði hann verið þarna inni smástund, ásamt einhverjum félaga sínum, en farið síðan aftur út. Kvaðst stefndi hafa verið inni í svefnherbergi og ekki

séð til drengsins en heyrð í honum. Stefndi kvaðst hafa heyrð í drengjunum vera að leika sér fyrir utan heimili sitt eftir að Pétur Örn fór út eftir hádegði en taldi sig ekki hafa orðið varan við drengina, eftir að þeir komu inn aftur og fóru út, fyrr en Pétur Örn skýrði honum frá brunanum. Kvaðst stefndi ekki hafa orðið var við að sonur hans hefði verið að leika sér fyrir utan hús stefnanda áður en bruninn átti sér stað. Kvaðst stefndi ekki hafa orðið var við að Pétur Örn tæki eldspýtur eða önnur eldfæri í óleyfi af heimili sínu áður en bruninn varð og hafa verið búinn að vara drenginn við þeirri hættu sem stafað gæti af ógætilegri meðferð eldspýtna.

Stefnda Jónína Jónsdóttir skýrði frá á sama veg og fyrir lögreglu. Kvaðst hún hafa séð son sinn vera að leika sér, ásamt fleiri börnum, fyrir utan Raftahlið 13 u.þ.b. 15 mínútum áður en hann kom og skýrði henni frá eldsvoðanum. Kvað hún son sinn, Gunnar Inga, hafa skýrt henni frá því að hann hefði tvisvar áður verið að leika sér fyrir utan hús það er brann en þar hefðu krakkar verið að leika sér í tjörn sem myndast hafði í húsgrunni við hliðina á umræddu húsi að Drekahlið 4. Hefðu krakkar sótt í nefndan húsgrunn og verið að leika sér þar á flekum.

Stefndi Gunnar Pétursson kom fyrir dóm og staðfesti að eiginkona hans, stefnda Jónína, hefði skýrt frá sannleikanum samkvæmt að því er varðar frásögn sonar þeirra, Gunnars Inga, af brunanum að Drekahlið 4, en stefndi var í vinnu sinni er umræddur atburður varð.

Vitnið Guðmundur Óli Pálsson lögreglumaður kvaðst hafa verið fjarverandi miðvikudaginn 13. maí 1981 er umræddur bruni átti sér stað. Þegar vitnið hefði komið á vakt á lögreglustöðina á Sauðárkróki næsta dag hefðu verið 3 bókanir í dagbók lögreglunnar sem hér segir: Kl. 14:25: Bókað um að eldsvoði hefði orðið í húsi í smíðum upp í „Hverfi“ rétt hjá Brennihlið. Kl. 15:45: Gunnar Pétursson hringir og segir son sinn og son Erlings Arnar Péturssonar vera valda að brunanum. Kl. 16:10: Sigrún Skúladóttir hringir og skýrir frá því sama. Kvaðst vitnið hafa af þessu tilefni hafið yfirheyrslu á aðilum málsins svo sem áður hefur verið frá greint.

Kvað vitnið hafa verið mikið um það að krakkar og unglingar færu inn í hús í smíðum á Sauðárkróki áður en eldsvoðinn að Drekahlið 4 varð og hafi mátt segja að hálfgerð vandræðaástand hafi verið í þessum efnum en eftir eldsvoðann hefði lítið sem ekkert borið á slíku og lögreglan ekki orðið vör við kvartanir af þessum sökum.

Vitnið kvaðst hafa rétt við stefnanda í janúar 1981 og þá spurt hann hvort hann væri búinn að tryggja hús sitt að Drekahlið 4. Hefði stefnandi þá tjáð vitninu að hann teldi ekki ástæðu til að tryggja húsið. Það væru masonitplötur fyrir sumum gluggunum þar og tvöfalt plast fyrir öðrum og enginn ætti að geta komist þar inn.

Lögmenn aðila lýstu því yfir við aðalflutning málsins að þeir væru sam-

mála um að óska ekki eftir töku munnlegra skýrslna af stefndu Gunnari Inga og Péttri Erni.

Dómarinn hefur farið á vettvang að Drekahlíð 4 og skoðað aðstæður þar, m.a. glugga þann á suðurhlíð hússins sem þeir Gunnar Ingi og Pétur Örn fóru inn um hinn 13. maí 1981. Einnig var athuguð fjarlægðin milli heimila drengjanna, sem voru rétt hvort hjá öðru er umræddur atburður átti sér stað, og brunastaðarins. Fjarlægðin milli staðanna er u.þ.b. 250 metrar og er yfir eina þvergötu að fara.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefndu Gunnari Inga og Péttri Erni á því að þeir hafi bakað honum tjón með saknæmum og ólögætum hætti. Hafi drengirnir verið að leik saman og farið heim til Péturs Arnar til þess að ná í eldspýtur sem þeir hafi síðan notað við íkveikjuna. Telur stefnandi að drengirnir hafi náð það miklum þroska að þeir eigi að gera sér grein fyrir hver hætta fylgir eldspýtum og allri meðferð þeirra. Það sé eitt það fyrsta sem foreldrar brýna fyrir börnum sínum hversu mikil hætta fylgir eldi. Sú hætta sem fylgir eldi sé ein sú fyrsta sem börnum sé kennt að varast og þá jafnframt brýnt fyrir þeim að fíkta aldrei með eld. Sé af þessari ástæðu talið að börn geti bakað sér skaðabótaábyrgð vegna tjóns er þau valda með eldi allt niður til 4 ára aldurs. Sé álitid að börn verði meðvítuð um eldhættu mun fyrr en aðrar hættur, t.d. í umferð. Þegar á þetta sé litið sé ljóst að drengirnir, 5 ára gamlir, hafi bakað sér bótaábyrgð með því að kveikja eld í Drekahlíð 4 á Sauðárkróki.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur foreldrum drengjanna í fyrsta lagi á því að foreldrarnir hafi ekki hagað eftirliti sínu með drengjunum sem skyldi en með eðlilegu eftirliti hefði verið komið í veg fyrir að drengirnir bæru eld að byggingunni. Verði að gera enn ríkari kröfur um eftirlit foreldra með svo ungum börnum ef nýbyggingar eða aðrar hættur eru í nágrenni þess svæðis sem börnin eru að leika sér á. Sé í þeim tilvikum t.d. alltaf hætta á að börn valdi tjóni eða fari sjálfum sér að voða sé ekki strangt eftirlit með þeim. Sé tjónið í þessu tilviki, sem hér um ræðir, afleiðing þessa eftirlitsskorts og eftirlitsskorturinn orsök tjónsins. Beri foreldrar drengjanna ábyrgð á þessu tjóni stefnanda þar sem það hafi verið vítavert gáleysi af þeirra hálfu að líta ekki eftir drengjunum og athuga hvað þeir aðhöfðust.

Stefnandi telur og að stefndu, Erling Örn og Sigrún, hafi sýnt af sér vítavert gáleysi með því að skilja eftir eldspýtur á glámbekk þar sem drengirnir gátu náð þeim án fyrirhafnar og farið með þær út. Sé þetta einnig til marks um eftirlitsskort foreldranna. Sé það gáleysi af hálfu foreldra að skilja eftir eldspýtur þar sem börn geti náð til þeirra jafnt sem það sé gáleysi að skilja eftir hættuleg tæki í nálægð barna og þá sérstaklega þegar enginn er til að gæta þess að börn nái ekki til þessara hluta og leiki sér með þá.

Allir foreldrar viti að ung börn vilja oft fikta með hluti sem búið er að segja þeim að þau megi ekki vera með. Sé um hluti að ræða sem geti haft hættu í för með sér eigi foreldrarnir því að geyma þá þar sem börnin geta ekki náð til þeirra. Baki vanræksla þeirra Erlings og Sigrúnar þeim að þessu leyti ábyrgð eftir almennu skaðabótareglunni.

Þá telur stefnandi einnig koma til greina að foreldrar beri hlutlæga ábyrgð á skaðverkum barna sinna. Bendir stefnandi í því sambandi á að öll réttlætis- og sanngirnissjónarmið hljóti að leiða til þess að foreldrar barna beri fjárhagsábyrgð á tjóni sem börnin valda frekar en láta tjónþola sjálfan standa eftir slyppan og snauðan. Hafi foreldrarnir eignast börnin sér til ánægju og tekið að sér það hlutverk að ala þau upp eftir bestu getu og gera þau að sem bestum þjóðfélagsþegnum. Tjónþolinn hafi hins vegar ekkert af börnum þessum að segja og væru tjónþolar, sem verða fyrir tjóni af völdum barna, vægast sagt hryllilega settir ef talið yrði að þeir skyldu sjálfir þurfa að bera tjón sitt. Hljóti að vera mun sanngjarnara og eðlilegra að láta foreldra barna bera ábyrgðina. Megi jafna þessum sjónarmiðum við að talið sé að eigendur dýra, t.d. hunda, beri hlutlæga ábyrgð á tjóni sem dýrin valda. Sé ábyrgðarregla þessi til komin vegna þess að sanngjarnt hafi þótt að eigandinn bæri tjónið þar sem hann væri af eigin hagsmunum að halda dýr sem hættu gæti haft fyrir umhverfið. Telur stefnandi sömu rök vera fyrir hlutlægri ábyrgð foreldranna.

Stefndu, Gunnar Pétursson, Jónína Jónsdóttir og Gunnar Ingi Gunnarsson, rökstyðja kröfur sínar með því að Gunnar Ingi hafi aðeins verið 5 ára og 8 mánaða þegar bruninn varð. Þegar metið sé hvort háttsemi sé saknæm barni verði að hafa í huga aldur þess og hvers krefjast megi um háttsemi af börnum af sama aldri. Verði að telja af og frá að barnið Gunnar Ingi hafi hegðað sér öðru vísi en við mátti búast af jafn gömlum börnum. Hafi háttsemi hans verið fólgin í því að hafa farið með jafnaldra sínum, sem komist hafði yfir eldspýstokk, inn í opna byggingu og ekki komið þar í veg fyrir að jafnaldrinn kveikti með eldspýtunum í bréfi eða pappa inni í byggingunni. Sé alveg út í hött að telja þetta barninu til sakar. Fikt með eldspýtur sé út frá sjónarhóli svo ungs barns eins og hver önnur athafnasemi til könnunar á veröldinni og undrum hennar. Sé af og frá að svo ung börn geti gert sér nokkra grein fyrir eðli þessarar athafnar og hugsanlegum afleiðingum hennar, jafnvel þó að mikið kunni að hafa verið brýnt fyrir þeim að fikta ekki með eld og eldspýtur.

Yrði talið, þrátt fyrir þessar röksemdir, að barnið Gunnar Ingi bæri ábyrgð á tjóni stefnanda verði að telja að færa eigi bótafjárhæð niður úr hans hendi með lögjöfnun frá 21. gr. 2. mgr. i.f. laga nr. 95, 1947.

Mótmælt er að stefndu, Gunnar Pétursson og Jónína Jónsdóttir, hafi ekki hagað eftirliti sínu með Gunnari Inga sem skyldi. Hafi barnið aðeins

verið að leik í næsta nágrenni við heimili sitt. Eftirlit af hálfu foreldra hefði orðið að vera fólgið í því að tjóðra drenginn fastan eða meina honum að fara undir bert loft. Sé fráleitt að gera slíkar eftirlitskröfur til foreldra. Öllum sjónarmiðum um hlutlæga ábyrgð foreldranna er og mótmælt. Enginn lagagrundvöllur sé til staðar fyrir þeirri niðurstöðu. Sé öruggt að hlutlæg ábyrgð yrði aldrei talin gilda án lagafyrirmæla. Skorti raunar öll rök fyrir þeirri skoðun stefnanda að slík skaðabótaábyrgð foreldra eigi rétt á sér. Sannleikurinn sé hins vegar sá að stefnandi geti engum öðrum en sjálfum sér kennt um brunann. Liggi fyrir í málinu að öll varsla hans með byggingunni hafi verið í lágmarki. Hafi hann sjálfur viðurkennt að hafa síðast litið eftir byggingunni 2. maí en bruninn hafi orðið 13.maí. M.ö.o. hafi a.m.k. verið liðnir 11 dagar frá því er hann sjálfur kom á staðinn. Hafi enn ríkari ástæða verið fyrir stefnanda að hafa oft og reglulega eftirlit með byggingunni þar sem henni hafi aðeins verið lauslega lokað og lokunar-búnaðurinn hafi áður verið rofinn.

Varakröfu sína um lækkun stefnufjárhæðar rökstyðja stefndu með því að stefnandinn hafi ekki fært lögfulla sönnun fyrir tjóni sínu. Sé stefnukrafan byggð á mati dómkvaddra manna sem ekki hafi verið dómkvaddir fyrr en 7. janúar 1982, eða u.þ.b. 8 mánuðum eftir brunann og hafi þá ummerki á staðnum verið allt önnur. Mat á verðmæti efnis sem brunnið hafi sé byggt á einhliða framtali stefnanda. Sé engin sönnun um afleiðingu tjóns fólgin í slíku. Skoðun matsmanna á matsefninu þann 14. maí 1981, löngu fyrir dómkvæðningu, teljist ekki skoðunargerð skv. lögum nr. 85, 1936, enda hafi stefndu ekki átt þess neinn kost að gæta þá hagsmuna sinna. Matsgerðin sé og gölluð að því leyti að fjárhæðir matsins séu allt of litið sundurliðaðar. Einnig er mótmælt að leggja megi til grundvallar dómkröfunni verðlag í febrúar 1982 og krefjast svo verðbólginna vaxta allt frá maí 1981. Verði raunar að telja að verðlag í febrúar 1982 sé tjóni stefnanda alfarið óviðkomandi.

Stefndu Erling Örn, Sigrún og Pétur Örn rökstyðja kröfur sínar með því að ekki verði á það fallist að skaðabótaábyrgð samkvæmt almennu skaðabótareglunni eða öðrum lagasjónarmiðum verði lögð á 5 ára gömul börn. Verði í þessu sambandi að telja það meginreglu að til þess að bóta-ábyrgð verði lögð á börn fyrir háttsemi sem telja megi þeim saknæma þurfi þau að hafa náð þeim aldri og þroska að þau skilji að athafnir þeirra geti stofnað öðrum eða eignum annarra í hættu eða valdið tjóni. Slíkur þroski eða skilningur sé litill eða enginn hjá 5 ára barni og sé fráleitt að telja að háttsemi sú, sem Pétur Örn hafi staðið að, hafi verið framkvæmd vitandi vits um að eldur gæti breiðst út og valdið tjóni.

Stefnandi hafi ekki heldur í málalíbúnaði sínum sýnt fram á eftirlitsskort eða gáleysi foreldra Péturs Arnar. Af og frá sé að ætla að þótt Pétur Örn

hafi komist inn í húseign stefnanda án afskipta foreldra hans sé þar með sýnt fram á eftirlitsskort af þeirra hálfu sem talinn verði þeim saknæmur. Með sama hætti sé engan veginn sýnt fram á gáleysi foreldra þótt barn komist yfir eldspýtur á heimili sínu. Ef felld yrði ábyrgð á foreldra á ofangreindum forsendum jaðraði hún við hlutlæga ábyrgð sem enga stoð eigi í íslenskum rétti í þessu sambandi. Sú eftirlitsskylda sem þannig væri lögð á foreldra sé nánast óframkvæmanleg enda mættu þá hvorki foreldrar né börn um frjálst höfuð strjúka. Viðurkenna verði visst svigrúm foreldra og barna til athafna með hliðsjón af ýmsum þáttum, svo sem sjálfsagðri þekkingaröflun barna upp á eigin spýtur, eðlilegum leikjum þeirra og úti-veru og tilliti til nánasta umhverfis þeirra. Af þessum sökum verði jafnframt að gera kröfur til annarra í umhverfi barna um ákveðinn frágang og umbúnað eigna sinna. Fram komi í skjölum málsins að frágangur eða lokun á húsi stefnanda hafi ekki haldið börnum utan dyra. Hafi stefnanda mátt vera þetta ljóst áður en til tjóns kom 13. maí 1981 þar eð áður hafði verið rofinn umbúnaður og farið inn í húsið. Þrátt fyrir þetta fordæmi og geymslu á eldfimu byggingarefni innan dyra hafi stefnandi ekki gert reka að tryggilegri lokun hússins en raun hafi borið vitni. Einnig sé eftirlit stefnanda með húsinu ámælisvert, þar sem a.m.k. 11 dagar hafi liðið frá því að hann hafði komið á staðinn er bruninn varð. Hnígi ofangreind sjónarmið að því að stefnandi eigi sjálfur að bera tjón sitt eða eftir atvikum að koma til lækkunar stefnufjárhæðar eftir atvikum verði ekki fallist á sýknu-kröfu stefndu.

Varakrafan um lækkun stefnufjárhæðar varðandi Pétur Örn er reist á því að löggjöfnun frá 21. gr. 2. mgr. i.j. lögræðisлага nr. 95, 1947, leiði til þeirrar niðurstöðu. Að öðru leyti að því er varðar öll stefndu, er varakrafan um lækkun stefnufjárhæðar studd sömu röksemdum og fram koma hjá stefndu, Gunnari Péturssyni, Jóninu og Gunnari Inga. Hafi stefnandi ekki fært lögfulla sönnun fyrir tjóni sínu, fjárhæðir mats séu ekki nægilega sundurliðaðar og mótmælt sé að verðlag í febrúar 1982 sé lagt til grundvallar dómkreftu stefnanda með vöxtum frá maí 1981.

Álit dómsins.

Svo sem fram er komið í málinu er stefndi, Gunnar Ingi, fæddur 8. september 1975 og stefndi, Pétur Örn, 21. júlí s.á. Var Gunnar Ingi því 5 ára og 8 mánaða og Pétur Örn 5 ára og 9 mánaða er bruninn að Drekahlíð 4 varð.

Drengirnir virðast hafa komið sér inn í umrædda byggingu hindrunarlaust með því að klifra upp planku sem reistur hafði verið upp í glugga á suðurvegg hússins og skriða síðan inn um gluggann sem búið var að rjúfa

gat á. Höfðu þeir með sér eldspýtur sem Pétur Örn hafði tekið í óleyfi á heimili sínu. Kveikti Pétur Örn síðan í bréfi eða pappa þarna inni, að Gunnari Inga ásjáandi. Virðist eldur sá sem kviknaði hafa breiðst skjótlega út enda var geymt mikið af alls kyns byggingarefni á staðnum, m.a. mikið af einangrunarplasti og timbri, auk ýmissa annarra hluta. Urðu drengirnir hræddir, reyndu að slökkva eldinn en tókst það ekki og gátu þeir forðað sér út um sama glugga og þeir komust inn um.

Eigi verður talið að svo ungir drengir hafi getað gert sér grein fyrir þeim afleiðingum sem fikt þeirra með eldspýtur í umræddri byggingu gat haft í för með sér, hvorki þeirri lífshættu sem þeir stofnuðu sjálfum sér í með háttsemi sinni né tjóni því sem þeir gátu valdið. Þykir því bresta laga-grundvöll til að leggja bótaábyrgð á drengina.

Pétur Örn og Gunnar Ingi voru að leik í götunni fyrir utan heimili sín skömmu áður en þeir fóru í umrædda byggingu þar sem eldur var tendraður með fyrrgreindum afleiðingum. Var stefnda Jónína þá heima hjá sér en stefnda Sigrún hafði brugðið sér yfir í næsta hús. Drengirnir fara síðan af leiksvæði sínu í Raftahlíð yfir að Drekahlíð 4 sem er í u.þ.b. 250 metra fjarlægð þar frá. Er þarna yfir eina þvergötu að fara þar sem lítil umferð bifreiða er venjulega á þeim tíma sólarhrings sem hér um ræðir.

Telja verður að ekki sé óvenjulegt að börn á þessum aldri leiti út fyrir hin venjubundnu leiksvæði sín svo sem drengirnir Pétur Örn og Gunnar Ingi gerðu í þetta skipti. Verður það því eigi virt stefndu, Jónínu og Sigrúnu, mæðrum drengjanna til sakar að hafa ekki fylgst með hverju fót-máli sona sinna. Þykir stefnandi því eigi hafa leitt það í ljós að ekki hafi verið litið eftir drengjunum svo sem títt er að fylgst sé með börnum á svipuðu reki.

Stefndi Erling Örn var heima hjá sér er umræddur atburður átti sér stað. Virðist svo sem eiginkona hans, stefnda Sigrún, hafi annast um eftirlit með Pétri Erni og hann sjálfur ekki sérstaklega verið að líta eftir syni sínum en treyst því að eftirlit eiginkonu sinnar væri nægjanlegt og verður það ekki talið honum til sakar.

Stefndi Gunnar Pétursson var í vinnu sinni er atburður sá er mál þetta er sprottið af átti sér stað og kemur sök af hans hálfu vegna eftirlitsskorts þegar af þeirri ástæðu ekki til greina.

Það að stefndi Pétur Örn komst yfir eldspýtustokk sem skilinn hafði verið eftir á sófaborði í stofunni heima hjá honum, fór með hann, ásamt félaga sínum, inn í hina opnu byggingu þar sem mikið af all-eldfimu efni var geymt og kveikti þar í bréfi eða pappa, með svo afdrifaríkum afleiðingum, verður að telja slíka óhappatilviljum að eigi sé unnt að fella bótaábyrgð á foreldra drengsins, stefndu Erling Örn og Sigrúnu, vegna tjóns stefnanda, en stefnandi hafði eigi hirt um að brunatryggja eign sína, svo sem honum

var þó skylt, samkvæmt 2. gr. laga nr. 59, 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Eigi verður heldur talið að í íslenskum skaðabótarétti gildi hlutlæg ábyrgð foreldra á skaðabrekum barna.

Samkvæmt framansögðu eiga því stefndu öll að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Erling Örn Pétursson, Sigrún Skúladóttir og Pétur Örn Erlingsson svo og Gunnar Pétursson, Jónína Jónsdóttir og Gunnar Ingi Gunnarsson, eiga að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurbjörns Pálssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
